

Alþingi
Erindi nr. P 143/200
komudagur 13.11.2013



Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2013

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum).

Starfsgreinasamband Íslands er heildarsamtök verkafólks á Íslandi en aðildarfélögin telja um 50.000 félagsmenn. Það má því með sanni segja að þau viðhorf sem eru uppi varðandi færslu frídaga rúmist öll innan SGS. Annars vegar er launafólk sem vill fara þessa leið sem kynnt er í frumvarpinu til að lengja í helgunum og að frídagar nýtist sem best. Hins vegar er launafólk sem vill halda í frídagana eins og þeir eru og telja að með því að færa þá til sé verið að draga úr vægi þeirra. Jafnvel gæti tilfærslan verið fyrsta skrefið til að afnema frídagana þar sem þeir eru samkvæmt trúarbrögðum og hefðum skýrt bundnir við ákveðna daga og því varðir af hefðinni. Þess ber að geta að í aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands við Samtök Atvinnulífsins er heimild til að færa til fimmtudagsfrídaga í einstaka fyrirtækjum (kafli 5, gr. 5.5.i) með samráði við heildarsamtök launafólks og atvinnurekenda.

Í kjarasamningunum 1988 var samið um að færa uppstigningardag og sumardaginn fyrsta til næsta föstudags en skemmst er frá því að segja að tillagan hlaut ekki hjómgrunn þegar samningurinn var kynntur fyrir félögum. Reyndar voru samningarnir felldir og þetta var eitt þeirra mála sem hafði þar áhrif. Það má vera að kominn sé tími til að taka málið aftur upp við samningaborðið en tilfærsla á vinnudögum á einmitt heima þar en ekki hjá Alþingi. Með því móti fær almennt launafólk tækifæri til að semja um það sérstaklega og í kjölfarið að segja álit sitt með atkvæðagreiðslu. Starfsgreinasambandið leggst því gegn því að Alþingi hlutist til um breytingar á frídögum þessu stigi.

Varðandi tilfærsluna á 1. maí er fullt tilefni til að taka sterkar til orða. 1. maí er baráttudagur verkalýðsins, sá eini sem launafólk á sameiginlegt, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Dagurinn er sterkt bundinn hefðum og hefur verið að sækja í sig veðrið um allt land síðustu ár þar sem verkalýðsfélög boða til baráttufunda og hátíða. 1. maí á rætur að rekja til þess að verkafólk lagði niður vinnu þennan dag til að krefjast bættra kjara og þessi dagur hefur verið helgaður þeirri baráttu æ síðan. Að mati Starfsgreinasambandsins er það ekki í valdi Alþingis að ráðskast með þennan dag vinnandi fólks og rjúfa hann þar með úr sögulegu og alþjóðlegu samhengi.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.



Starfsgreinasamband Íslands

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, Vfl. og sjómf. Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-löjla, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, Vfl. og sjómf. Keflavíkur og nágrennis (VSFK), Vfl. og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri